

464. fundur velferðarnefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 8. september 2022 og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Pórir Guðmundsson formaður, Kristín Björk Jóhannsdóttir aðalmaður, Aníta Björk Pálinudóttir áheyrnarfulltrúi, Dagný Finnbjörnsdóttir varamaður og Hlynur Reynisson varamaður.

Embættismenn:

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Harpa Stefánsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

Fundargerð ritaði: Harpa Stefánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál - velferðarnefnd - 2011090094

Tvö trúnaðarmál kynnt í velferðarnefnd.

Afgreiðslu trúnaðarmála frestað til næsta fundar.

2. Móttaka flóttamanna 2022 - 2022030060

Lagt fram bréf mennta- og barnamálaráðuneytis, dagsett þann 5. júlí 2022 um samþykkt styrks vegna tómsunda- og menntunarúrræða barna á flóttu. Samþykkt var að veita Ísafjarðarbæ styrk að upphæð kr. 200.000.-

Velferðarnefnd þakkar mennta- og barnamálaráðuneyti fyrir veittan stuðning vegna tómsunda- og menntunarúrræða barna á flóttu.

3. Móttaka flóttamanna 2022 - 2022030060

Lögð fram til kynningar umsókn um styrk til sveitarfélaga vegna tómsunda- og menntunarúrræða barna á flóttu. Síðari úthlutun.

Velferðarnefnd styður ákvörðun velferðarsviðs að sækja um síðari úthlutun og þakkar um leið mennta- og barnamálaráðuneyti fyrir veittan stuðning við börn á flóttu.

4. Gjaldskrár 2023 - 2022050015

Kynnt gjaldskrá velferðarsviðs árið 2022 og tillögur að hækkun fyrir árið 2023.

Velferðarnefnd þakkar kynningu á gjaldskrá og felur starfsmönnum að vinna tillögu að breytingum í samræmi við umræður á fundinum.

5. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Ísafjarðarbæ. - 2016120045

Lögð fram drög að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Ísafjarðarbæ. Breytingar eru í samræmi við leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings sem uppfærðar voru í félagsmálaráðuneytinu í desember 2020.

Velferðarnefnd samþykkir breytingar á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning Ísafjarðarbæjar enda rúmast áhrif breytinganna innan fjárheimilda nefndarinnar og styður við einstaklinga í tekjulægsta hópnunum. Velferðarnefnd leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að hún samþykki reglurnar.

6. Farsæld barna 2022 - 2022090032

Lögð fram til kynningar ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86 22. júní 2021 og sviðstjóri mun fara yfir væntanlegar breytingar á starfi velferðarsviðs og nefndarinnar.

Velferðarnefnd þakkar sviðsstjóra fyrir greinargóða kynningu.

7. Siðareglur kjörinna fulltrúa 2022 - 2022070005

Á 497. fundi bæjarstjórnar, þann 1. september 2022, voru samþykktar uppfærðar siðareglur kjörinna fulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Eru siðareglurnar nú lagðar fram til kynningar fyrir nefndinni.

Lagt fram til kynningar.

8. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022 - 2022010031

Lagður fram tölvupóstur frá samráðsgátt, dags. 8. ágúst 2022, með umsagnarbeiðni er varðar mál nr. 135/2022, drög að reglugerð um tengiliði og málstjóra.

Umsagnarfrestur er til og með 29. ágúst 2022.

Lagt fram til kynningar.

9. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022 - 2022010031

Lagður fram tölvupóstur frá samráðsgátt, dags. 8. ágúst 2022, með umsagnarbeiðni um mál nr. 137/2022, drög að reglugerð um brottfall reglugerða á sviði barnaverndar.

Umsagnarfrestur er til og með 29. ágúst 2022.

Lagt fram til kynningar.

10. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022 - 2022010031

Lagður fram tölvupóstur frá samráðsgátt, dags. 8. ágúst 2022, með umsagnarbeiðni um mál nr. 140/2022, drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga (sumarbúðir o.fl.), nr. 366/2005.

Umsagnarfrestur er til og með 29. ágúst 2022.

Lagt fram til kynningar.

11. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022 - 2022010031

Lagður fram tölvupóstur frá samráðsgátt, dags. 8. ágúst 2022, með umsagnarbeiðni um mál nr. 138/2022, drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, nr. 652/2004.

Umsagnarfrestur er til og með 29. ágúst 2022.

Lagt fram til kynningar.

12. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022 - 2022010031

Lagður fram tölvupóstur frá samráðsgátt Alþingis, dags. 8. ágúst 2022, með umsagnarbeiðni um mál nr. 139/2022, drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir, nr. 1038/2018.

Umsagnarfrestur er til og með 29. ágúst 2022.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:45

Dórir Guðmundsson

Kristín Björk Jóhannsdóttir

Aníta Björk Pálínudóttir

Dagný Finnbjörnsdóttir

Hlynur Reynisson

Margrét Geirsdóttir

Harpa Stefánsdóttir